

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. apríl 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-14/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. mars sl. bað x, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi f.h. móður sinnar .A, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rúmi. Krafa álitsbeiðenda er sú að viðurkennt verði að seljanda, Y, sé skylt að endurgreiða A kr. 9.000 af því verði sem hún greiddi fyrir rúmið.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 9. mars s.l., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og bárust þau 12. mars. Með bréfi, dags. 16. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 17. mars. Með bréfi, dags. 20. mars, var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar. Með bréfi, dags. 24. mars, óskaði kæruneftndin eftir ákveðnum upplýsingum frá seljanda. Svarbréf barst nefndinni 26. mars sl.

III

Málsatvik og rökstuðningur aðila

Móðir álitsbeiðanda keypti rúm og hlífðardýnu hjá Y 31. janúar sl. Kaupverð hvort tveggja var kr. 165.150 og greiddi kaupandi það með Visa debetkorti af reikningi sínum í Norðoya Sparikassa í Føreyjum. Álitsbeiðandi óskaði eftir því að fá staðgreiðsluafslátt vegna þess að greitt var með VISA debetkorti og samþykkti seljandi að álitsbeiðandi fengi af þeim ástæðum kr. 9.000 afslátt af kaupverðinu. Seljandi segist hafa tekið „kreditverðið“ vegna þess að á kortinu hafi staðið Visa og álitsbeiðandi fullyrt að kortið væri debetkort og því hafi verið gefinn 5% afsláttur af kaupverðinu. Álitsbeiðandi hafi sagt að kæmi greiðslan ekki inn á reikning verslunarinnar eftir nokkra daga myndi hún greiða afsláttinn. Álitsbeiðandi segir að fjárhæðin sem móðir hennar greiddi með debetkortinu hafi farið út af reikningi móður sinnar í Norðoya Sparikassa 4. febrúar sl. og hafi hún gert seljanda viðvart um það.

Álitsbeiðandi segir að 5. mars s.l. hafi seljandi hringt og sagt að rúmið yrði ekki afhent fyrr en staðgreiðsluafslátturinn hefði verið endurgreiddur sem álitsbeiðandi segist hafa gert með fyrirvara um að fá álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa um það hvort seljandi ætti rétt á endurgreiðslunni. Seljandi afhenti rúmið 9. mars. Seljandi segir að kaupverðið hafi komið inn á reikning sinn í byrjun mars.

Fyrirtækið Valitor sem mun annast svokallaða færsluhirðingu fyrir VISA sendi álitsbeiðandi svohljóðandi tölvupóst 27. febrúar sl. sem svar við fyrirspurn:

„Í þessu tilviki fer þetta strax út af reikningi hennar [móður álitsbeiðanda] af því að hún er með debetkort. Söluaðilinn er svo með samning sem kveður á um að hans færslur

safnist upp yfir mánuðinn og eru gerðar upp mánaðarlega. Hann gæti líka verið með samning sem leyfir útborganir daglega, það er hans val. En mér finnst í raun ekki að söluaðilinn eigi að flækja ykkur í þetta, hann á að vita hvaða greiðslukjör hann getur boðið upp á miðað við hans samning.“

Daginn áður, eða 26. febrúar sl., hafði starfsmaður Valitor sent álitsbeiðanda svohljóðandi tölvupóst:

„Hér að neðan er hluti af þeim skilmálum sem söluaðilar okkar fara eftir við móttöku greiðslukorta. Það er mjög skýrt í þeim að uppgjör vegna erlendra debetkorta er með sama hætti og um kreditkort væri að ræða nema hann sé með samning um annað hjá okkur.

15.0 Uppgjör og uppgjörstímabil vegna greiðslukorta

15.1 Uppgjörstímabil vegna úttekta með kreditkortum fylgir því úttektartímabili sem söluaðili hefur valið sér, sbr. ákvæði skilmála þessara. Andvirði viðskipta eru greidd á ráðstöfunarreikning söluaðila 2. virkan dag næsta mánaðar eftir að úttektartímabili lýkur, enda hafi söluaðili haldið viðskiptaskilmála þessa og ekki sérstaklega verið samið um aðra greiðslutilhögun.

15.3 Andvirði viðskipta með **íslenskum debetkortum** eru greidd á ráðstöfunarreikning söluaðila í lok sama dags og upplýsingar um viðskipti berast VALITOR, enda hafi safnkerfi félagsins tekið við færslunum í tæka tíð fyrir daglega vinnslu, nú fyrir kl. 21.30 hvern virkan dag og eru til ráðstöfunar fyrir söluaðila næsta dag.

15.4 Uppgjör viðskipta með erlendum debetkortum er með sama hætti og uppgjör kreditkorta, sbr. 15.1.

Söluaðilanum hefði í þessu tilviki átt að vera ljóst þegar hann móttækur kortið að um erlent kort er að ræða.“

Eins og að framan er rakið ritaði kærunefndin Y bréf 24. mars sl. Í því bréfi óskaði kærunefndin eftir upplýsingum um það hvort fyrirtækið hefði gert samning við Valitor um það hvernig því bærust greiðslur frá því fyrirtæki. Svar fyrirtækisins frá 25. mars var á þá leið að Y hefðu samning um að fá greiðslur með kreditkortum greiddar einu sinni í mánuði en ekkert kemur fram um það hvenær verslunin fær greiðslur sem eru inntar af hendi með debetkortum, hvorki íslenskum né erlendum.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Hólma ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. ákvæði 1. gr. laganna.

Eins og að framan er rakið snýst ágreiningur aðila um það hvort seljanda beri að standa við það að álitsbeiðandi fái þann afslátt af kaupverði rúmsins sem seljandi gaf í upphafi, þ.e. kr. 9.000, og greiðsla kaupverðsins miðaðist við þegar gengið var frá kaupunum að öðru leyti en því að afhending rúmsins fór fram síðar.

Ástæðan fyrir því að ágreiningurinn rís sýnist vera sá að kaupverðið var greitt með debetkorti við erlendan banka sem tæplega getur hafa farið fram hjá seljanda þegar

greiðslan var innt af hendi þótt svo kunni að hafa verið. Samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins Valitors berast greiðslur til seljanda frá fyrirtækinu með ákveðnum hætti nema um annað hafi verið samið. Það er óupplýst hvort seljandi hefur gert sérstakan samning um það hvenær honum berast greiðslur sem eru framkvæmdar með debetkorti í erlendum banka og sýnist það helst vera svo að um þær greiðslur fari samkvæmt skilmálum Valitors, sbr. gr. 15.4 sem er rakin að framan. Það er þannig á valdi seljanda, eftir því sem samningar við Valitor leyfa, á hvaða tíma honum berast greiðslur frá því fyrirtæki og getur kaupandi þar engu um ráðið eftir því sem best verður séð. Byggja verður á því, sem sýnist reyndar óumdeilt, að móðir álitsbeiðanda greiddi kaupverðið með debetkorti og greiðslan fór út af reikningi hennar í Norðoya Sparikassa nokkrum dögum seinna. Seljandi virðist hins vegar ekki hafa gert samning við Valitor um það að debetgreiðslur frá erlendum banka bærust honum með sama hætti og debetgreiðslur frá innlendum banka og verður hann að bera hallann af því enda ekkert komið í ljós um að það hafi álitsbeiðandi vitað. Þá þykir ekki tækt að byggja á þeirri fullyrðingu seljanda að álitsbeiðandi hafi lofað því að greiða afsláttinn til baka bærisk seljanda ekki greiðslan á næstu dögum eftir kaupin. Niðurstaða kæruneftdarinnar er því samkvæmt framansögðu sú að seljanda beri að standa við gefinn afslátt og endurgreiða móður álitsbeiðanda þá fjárhæð.

V

Álitsorð

Y. greiði A kr. 9.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir